

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóvakíu tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993, 5/1993, 56/1995, 26/1996, 36/1998 og 31/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2000	14.12.2000	Breyting á II. viðauka	01.01.2001
2/2000	14.12.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001
3/2000	14.12.2000	Brottfelling sameiginlegrar yfirlýsingar við bókun B	01.01.2001
4/2000	14.12.2000	Brottfelling IV. viðauka	01.01.2001
5/2000	14.12.2000	Breyting á bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóveníu tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Slóveníu frá 13. júní 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1996, 27/1996, 21/1998, 41/1998 og 32/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.